

## FW: Opnað fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins

**Til** : Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>  
**Frá** : Dalir <dalir@dalir.is>  
**Heiti** : FW: Opnað fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins  
**Málsnúmer** : 2110005  
**Málsaðili** : Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  
**Skráð dags** : 04.10.2021 14:38:10  
**Höfundur** : Dalir

Viðhengi [image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

**Kveðja,**

**Magnína G. Kristjánsdóttir**

**skrifstofustjóri,**

**Dalabyggð,**

**Miðbraut 11,**

**370 Búðardal.**

**Mail:** [magnina@dalir.is](mailto:magnina@dalir.is)

**Sími:** 4304704



---

Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

---

---

**From:** Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  
**Sent:** mánudagur, 4. október 2021 14:04  
**To:** Dalir  
**Subject:** Opnað fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um stofnframlög ríkisins í seinni úthlutun ársins.

## Umsóknarfrestur til 24. október 2021.

Hægt er að sækja um stofnframlög ríkisins á heimasíðu HMS og er umsóknum skilað inn á rafrænu formi. Nánari upplýsingar um stofnframlög má finna [hér](#).

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum mun að minnsta kosti fjórðungur þess fjármagns sem kemur til úthlutunar renna til bygginga eða kaupa á húsnæði á vegum sveitarfélaga. Er það íbúðarhúsnæði sem sveitarfélög úthluta og ætlað þeim aðilum sem sveitarfélögum ber sérstök lagaskylda til að veita úrlausn í húsnæðismálum. Önnur félög en þau sem eru í eigu sveitarfélags geta fallið innan þessarar forgangsreglu að því gefnu að þau séu með samning við viðkomandi sveitarfélag um að íbúðirnar verði nýttar sem íbúðarhúsnæði á vegum sveitarfélagsins og úthlutað í samræmi við reglur þess. Þá munu verkefni til uppbyggingar húsnæðis fyrir tekju- og eignalága á vinnumarkaði hafa forgang til 2/3 hluta úthlutaðs fjármagns.

Að öðru leyti fer úthlutun stofnframlaga eftir mati á þörf fyrir íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæði og fyrir viðkomandi félagshópa.

---

Mikilvægt er fyrir umsækjendur og sveitarfélög þar sem sótt er um stofnframlög að hafa eftirfarandi þætti í huga vegna umsókna um stofnframlög:

- Skila þarf inn staðfestingu um veitingu stofnframlags af hálfu þess sveitarfélags þar sem almennar íbúðir verða staðsettar.
- Með ofangreindri staðfestingu þarf að fylgja staðfesting á fjárhæð og formi stofnframlags sveitarfélags, sjá [hér](#).

**Hér má nálgast auglýsingu varðandi umsóknir um stofnframlög**

---

[Skoða þennan tölvupóst í vafra](#)

Viltu breyta skráningu þinni?

Þú getur [uppfært þínar stillingar hér](#) eða [afskráð þig frá þessum póstlista hér](#).